

# Minnisblað

Til: Fræðslunefnd  
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir  
Dags. 21. nóvember 2023  
Mnr. 2023090036



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað – Tillaga að stofnun starfshóps um skipulag og starfsumhverfi í leikskólum í Ísafjarðarbæ

Á síðastliðnum árum hafa miklar breytingar átt sér stað í starfsumhverfi leikskóla með tilkomu nýrra kjarasamninga, styttingu vinnuvikunnar og með inntöku barna niður í 12 mánaða aldur. Almenn ánægja er með fyrirkomulag vinnustytingar í leikskólum Ísafjarðarbæjar en vissulega hefur álagið aukist á móti að mati leikskólastjórnenda. Veikindi starfsfólks í leikskólum eru tíðari en á öðrum stofnunum sveitarfélagsins og erfitt hefur reynst að ráða nýtt fólk til starfa á haustin. Nauðsynlegt er að bregðast við þessari þróun til að efla leikskólana enn frekar, bæta starfsumhverfi, stöðugleika og öryggi barna og starfsfólks.

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur skv. erindisbréfi til greiningar og endurskipulagningar á starfsumhverfi leikskóla. Starfshópurinn verði skipaður 7 fulltrúum sem vinna í samráði við starfsfólk leikskóla, faglærða sem ófaglærða, leikskólastjórnendur, fulltrúa foreldra og aðra hagaðila í umhverfi leikskóla.

Megin hlutverk starfshóps yrði:

- Greina núverandi stöðu leikskólastarfs m.t.t. gæða faglegs starfs, starfsánægju og stöðugleika í starfsumhverfi bæði barna og starfsfólks.
- Skoða nýtingu leikskólaplássa og meta mögulegar leiðir til breytinga á núverandi skipulagi leikskólastarfs.
- Greina íbúafjölda með tilliti til fjölgunar barna frá 12 mánaða í Ísafjarðarbæ næstu fimm árin með tilliti til núverandi innviða.
- Útfæra og sammælast um tillögur sem lagðar verða fyrir fræðslunefnd og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

Markmið starfshóps er að leggja fram tillögur að breytingum á skipulagi leikskólastarfs í Ísafjarðarbæ sem leitt geta til framtíðarumbóta og stöðugleika í starfsumhverfi barna og starfsfólks leikskóla.

Lagt er til að starfshópurinn verði skipaður eftirfarandi:

- Tveir fulltrúar úr fræðslunefnd
- Tveir fulltrúar foreldra
- Leikskólakennari
- Leikskólastjórnandi
- Fulltrúi ófaglærðra starfsmanna

Alls eru fulltrúar starfshóps 7 talsins. Auk þess starfa með hópnum þær Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs, og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Hlutverk þeirra er að halda utan um skipulag og dagskrá funda, skipuleggja samráð, fundargerðir, skýrslugerð og aðra gagnavinnslu.

**Lagt er til að stofnaður verði 7 manna starfshópur sem greinir starfsumhverfi og skipulag leikskóla í Ísafjarðarbæ.**